



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til bæjarráðs

Kópavogi, 31. maí 2023
23052164/999.00 BR

Minnisblað: Forgangs- og vaktlistaefnamælingar í Kópavogslæk

Á fundi bæjarráðs þann 25. maí 2023 var óskað eftir minnisblaði frá sviðsstjóra umhverfissviðs um stöðu mála vegna mælingar á forgangs- og vaktlistaefnum í Kópavogslæk og viðbragða bæjarins. Óskað var eftir að minnisblaðið lægi fyrir næsta fund bæjarráðs.

Frá nóvember 2019 til október 2020 framkvæmdi Umhverfisstofnun mánaðarlegar sýnatökur á forgangsefnum í Kópavogslæk og greindust 18 forgangsefni í þeim sýnatökum þar sem sum þeirra fóru yfir leyfilegan styrk ársmeðaltals reglugerðar um varnir gegn mengun vatns. Af vaktlistaefnum mældist aðeins eitt efni í Kópavogslæk en vaktlistinn segir ekki til um það hvort efnin séu yfir tilteknum viðmiðunarmörkum þar sem slík mörk hafa ekki verið gefin út fyrir þau, heldur eingöngu hvort efnin séu að mælast í vatnshlotinu.

Umhverfissvið mun fylgja málinu eftir í samráði við viðeigandi aðila svo sem Umhverfisstofnun og Reykjavíkurborg, en vatnasvæði lækjarins nær yfir sveitarfélagsmörk. Einnig þarf að fá viðmiðunarmælingar fyrir samskonar bæjar- og borgarlæki til að bera saman ástand Kópavogslækjar við almennt ástand slíkra lækja þar sem búast má við að efnasamsetning lækja í borgarumhverfi sé almennt frábrugðin lækjum utan borgar- og bæjarmarka.

Virðingarfyllst,

Ásthildur Helgadóttir
Sviðsstjóri umhverfissviðs

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026